

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 692/96**frá 17. apríl 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir
lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 72. gr.,með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89 frá 24. júlí 1989 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3897/91 ⁽⁴⁾, einkum öðrum undirlið annarrar undirgreinar 1. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90 ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2603/95 ⁽⁶⁾, er mælt fyrir um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusafa.Í tilskipun ráðsins 75/106/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/676/EBE ⁽⁸⁾, er kveðið á um tilgreint rúmmál íláta sem heimilt er að nota undir vín og þrúgusafa í viðskiptum innan bandalagsins. Breyta skal reglum um upplýsingar á merkimiðum um tilgreint rúmmál viðkomandi afurðar til að uppfylla ákvæði tédðrar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 97, 18. 4. 1996, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/97 frá 10. júlí 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 232, 9. 8. 1989, bls. 13.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 368, 31. 12. 1991, bls. 5.⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 309, 8. 11. 1990, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 267, 9. 11. 1995, bls. 16.⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 15. 2. 1975, bls. 1.⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 398, 30. 12. 1989, bls. 18.

Bæta skal við sænskri og finnskri útgáfu af skilmálunum sem mælt er fyrir um í 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3201/90 vegna aðilar Svíþjóðar og Finnlands.

Setja skal nákvæmar reglur um flutning víns og þrúgusafa til að tryggja að gæði þeirra varðveitist og að þau haldist óskemmd. Einnig skulu afurðir sem eru ætlaðar til útflutnings og falla undir ákvæði um virka vinnslu njóta sömu verndar og öryggis.

Ákvæði um flutningsaðferðir í þessari reglugerð eru í samræmi við og koma til viðbótar almennu reglunum um hollustuhætti við flutning matvæla sem eru settar í viðauka við tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði ⁽⁹⁾.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 3201/90 er breytt sem hér segir:

1. Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Upplýsingar á merkimiðanum er varða tilgreint rúmmál afurðarinnar skulu gefnar upp með tölustöfum sem eru í það minnsta 6 mm á hæð ef tilgreint rúmmál er meira en 100 cl, í það minnsta 4 mm á hæð ef það er 100 cl eða minna en þó meira en 20 cl, í það minnsta 3 mm á hæð ef það er 20 cl eða minna en þó meira en 5 cl og í það minnsta 2 mm á hæð ef það er 5 cl eða minna.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 22. gr.:

a) Á undan síðustu undirgrein bættast eftirfarandi hugtök við:

„- elintarvikekayttöön
- för livsmedel“.⁽⁹⁾ Stjtið. EB nr. L 175, 19. 7. 1993, bls. 1.

b) Núverandi texti verði að 1. mgr. og eftirfarandi tvær málsgreinar bætast við:

„2. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89 skulu ílát sem eru notuð til flutnings á matvælum henta til flutnings á matvælum í lausri vigt og eingöngu vera notuð í þeim tilgangi. Allur búnaður, efni og hlutir sem fluttu afurðirnar komast í snertingu við og eru notuð við flutninginn skulu bæði uppfylla þessi skilyrði og þau sem um getur í a-, b- og c-liðum téðrar 1. mgr. 37. gr.

Skipaeigandi skal með skriflegri yfirlýsingu veita tryggingu fyrir því að um borð í tankskipum sem sigla á opnu hafi séu ílát, tæki og búnaður sem eru notuð til flutnings á matvælum og komast í snertingu við fluttu afurðirnar viðvarandi notuð í þeim tilgangi. Um borð í skipinu skal geyma samræmingarvottorð þar sem staðfest er að farið sé að tæknilegum kröfum vegna flutnings á vínafurðum, útgefið af þar til bæru innlendu yfirvaldi eða viðurkenndri stofnun, eins og hún er skilgreind í tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994(*), og sem fullnægir skilyrðum sem eru sett í þessum viðauka.

Ef gerðar eru breytingar sem miða að því að láta ílát, tæki eða búnað uppfylla kröfur 37. gr. skal gefa út

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

samræmingarvottorð til staðfestingar á því hvaða dag breyting var gerð með tilliti til flutnings matvæla.

Þar til bær yfirvöld geta fylgst með því að um viðvarandi notkun til flutnings á matvælum sé að ræða. Með fyrirvara um ákvæði um varðveislu opinberra skjala skal skipstjóri, að beiðni þessara yfirvalda, veita allar upplýsingar um þá farma sem voru fluttir á næstliðnum 12 mánuðum fyrir þann dag sem beiðnin er lögð fram.

3. Skilyrði um geymslu og flutning, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2392/89, skulu einnig gilda um afurðir sem falla undir SAT-númer 2204 og þrúgusafa, einnig þykkni, sem fellur undir SAT-númer 2009 60 ef þau eru flutt eða geymd til virkrar vinnslu, í einni aðgerð eða fleirum, eða að lokinni slíkri vinnslu.

(*) Stjútö. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 20.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. apríl 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.